



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2020-102-U013**

Dagsetning: **4. október 2020**

Staðsetning: **Heydalsvegur við Haffjarðardalsgil**

Atvik: **Útafakstur við vegræsi**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Ökumaður fólksbifreiðar missti stjórn á bifreið sinni og ók út af Heydalsvegi rétt handan við vegræsi. Ökumaðurinn reyndi að aka bifreiðinni aftur upp á veginn en tók ekki eftir vegræsinu og endastakst bifreiðin niður í hyl við ræsisopið. Tveir einstaklingar voru í bílnum og annar þeirra lést.

## Staðsetning



## Helstu upplýsingar

### Látinn:

57 ára karl

### Veður og birta:

Hiti 6°C, logn, svartamyrkur

### Vegur:

Malarvegur og blautt yfirborð. Hámarkshraði á slysstað 80 km/klst  
Meðaltalsumferð á sólarhring er 94 ökutæki

### Tími sólarhrings:

Klukkan 01:35

### Ökutæki:

Mazda MX3 fólksbifreið

## Lýsing á slysi

### Atvikalýsing

Aðfaranótt 4. október 2020 var ökumaður ásamt einum farþega í framsæti á ferð suður Heydalsveg. Myrkur var úti og milt veður. Ummerki voru á vettvangi um að bifreiðinni hafi verið ekið út af veginum handan við vegræsi við Haffjarðardalsgil. Bifreiðin fór niður vegfláa án þess að velta og stöðvaðist þar. Ekki voru ummerki á vettvangi um hraðakstur. Ökumaður reyndi síðan að aka bifreiðinni aftur upp á veginn. Ummerki voru um nokkrar tilraunir til þess sem enduðu með því að bíllinn endasteyptist niður í vegræsið. Bifreiðin steyptist fram fyrir sig, snerist og hafnaði á hvolfi í hyl neðan við vegræsið.



Mynd 1: Bifreiðin á slysstað.

Farþegarými bifreiðarinnar var nánast allt undir vatnsyfirborðinu og loftrými eingöngu aftast í bifreiðinni. Vegfarendur sem að slysinu komu, líklega um 30 mínútum eftir að slysið varð, náðu að losa báða aðilana út úr ökutækinu, en annar þeirra sýndi engin lífsmörk. Dánarorsök var drukkun. Hinn aðilinn var kaldur og hrakinn en man að sögn ekki eftir slysinu eða aðdraganda þess, þ.m.t. hvor aðilanna ók bifreiðinni. Engin vitni voru að slysinu.

### Ökuhraði

Leyfður hámarkshraði er 80 km/klst á slysstað. Skýr ummerki voru um hvar bifreiðin fór út af veginum og niður vegfláann þar til hún stöðvaðist rétt utan við veginn. Ekkert bendir til þess að um hraðakstur hafi verið að ræða fyrir eða við útafaksturinn.

### Ökutækið

Bifreiðin var af gerðinni Mazda MX3 nýskráð 2017. Við skoðun á bifreiðinni eftir slysið kom ekkert fram sem skýrt getur orsök slyssins.

### Vegur og umhverfi

Vegurinn er uppbyggður malarvegur, um 6 metra breiður. Á slysstað hallar flái niður frá veginum og þar sem slysið varð er vegræsi og um það rennur á. Ræsið er um 5 metra breitt, opið að ofan, og eru tæpir 4 metrar frá vegyfirborði niður á botn í ræsinu. Bifreiðinni var ekið upp eftir fláanum þegar tilraun var gerð til að aka upp á veginn og féll þá ofan í ræsið, rúmlega 2 metra. Þegar slysið átti sér stað var svartamyrkur og var vegurinn óupplýstur. Erfitt er að sjá vegræsið frá veginum eða vegfláanum, þar sem það fellur inn í umhverfið. Engar merkingar eða varnir voru við ræsið.

## Áfengis- og lyfjarannsókn

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsókna á báðum einstaklingunum og þeir voru báðir undir áhrifum áfengis.

## Orsakagreining

- Ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis
- Ökumaðurinn ók út af veginum og reyndi að aka aftur upp á veginn
- Ökumaður sá sennilega ekki veigræsið í vegkantinum og ók ofan í ána
- Ræsið var óvarið og ómerkt

## Tillaga í öryggisátt

### Vegræsi

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til Vegagerðarinnar að framkvæma öryggisúttekt á frágangi veigræsa og skoða hönnun þeirra m.t.t. umferðaröryggis vegfarenda.

Á slysstað var erfitt að sjá ræsið frá veginum, vegöxlinni eða vegfláanum. Í myrkri og slæmu skyggni var enn erfiðara að greina þetta ræsi. Ræsið var óvarið og ómerkt á slysstaðnum og töliverður hylur í ánni við veginn. Um tveggja metra fall var niður í ræsið og ána sem rennur um það. RNSA beinir því til Vegagerðarinnar að skoða hönnun á svona mannvirkjum eða gera öryggisúttekt á slíkum stöðum. Má teljast víst að ekki hefði orðið alvarlegt slys ef bifreiðin í máli þessu hefði ekki fallið niður í ræsið.



Mynd 2: Loftmynd af vettvangi. Örin sýnir hvar bifreiðin fór út af veginum.

## Ábending

### Akstur undir áhrifum áfengis

Undanfarin ár hefur akstur undir áhrifum áfengis verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind ökumanna og skynjun á umhverfið. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölvada, sjónsvið minnkar og



fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun er meiri, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvisi skerðast.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um akstur undir áhrifum áfengis. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum áfram á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki bifreið undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis.

## Athugasemd

Vegagerðin er með á verkefnalista vestursvæðis að lagfæra veginn við þetta ræsi. Búið er að úthluta fjármagni í verkefnið og gert er ráð fyrir að vegrið verði sett upp við ræsið á haustmánuðum þessa árs.

### Skýrsluna samþykkja:

Ásdís J. Rafnar  
Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen  
Kristín Sigurðardóttir

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Hinrik Jóhannsson  
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 11. október 2021  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa